

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 13. september 2018 - R18090011

	Fundargerðir:	
R18010025	Fundargerð 460. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	Send borgarfulltrúum til kynningar.
R16090085	Fundargerð 13. eigendafundar Sorpu bs.	Send borgarfulltrúum til kynningar.
R16010039	Fundargerð 16. eigendafundar Strætó bs.	Send borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað	
R18040180	Erindi varðandi samningi við Reykjavík Bacon Festival	Til yfirferðar borgarlögmans.
R18090052	Umsókn Eirar, dags. 5. september 2018, um lóð fyrir hjúkrunarheimili	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R18090012	Erindi Tónskóla Eddu Borg varðandi aukið kennslumagn og lækun húsaleigu	Sent skóla- og fristundasviði og fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R16010200	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við móttökur	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar
R18090078	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Vináttuverkefni Barnaheilla	Sent skóla- og fristundasviði til umsagnar
R18090077	Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að leyfa dýrahald í félagslegu húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar	Sent stjórn Félagsbústaða til meðferðar
R18090082	Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um breytingu á innheimtu hjá borginni.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar
R18050102	Erindi Samtaka tónlistarskólustjóra vegna ákvæðis um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum tónlistarskóla	Sent fjármálaskrifstofu og skóla- og fristundasviði til umsagnar.
R18070067	Árshlutareikningur Sorpu bs. janúar-júní 2018	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R14010250	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna breytinga á vinnuáðstöðu borgarfulltrúa að Tjarnargötu 12	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R18090089	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áhrif fasteignaverðs og fasteignagjalda á leiguverði félagsbústaða	Sent stjórnar Félagsbústaða til umsagnar
R18090090	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa um samskipti Reykjavíkurborgar við Félagsbústaða eftir álit umboðsmanns Alþingis	Sent stjórnar Félagsbústaða til umsagnar
R18090091	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heildarkostnað við endurbætur á steinbæ við Holtsgötu	Sent Minjavernd til umsagnar.
R18080055	Tilkynning velferðarsviðs, dags. 4. september 2018, um afgreiðslu velferðarráðs á tillögu um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir einstæða foreldra.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18080056	Tilkynning velferðarsviðs, dags. 4. september 2018, um afgreiðslu velferðarráðs á tillögu um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir einstæðinga.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18080054	Tilkynning velferðarsviðs, dags. 4. september 2018, um afgreiðslu velferðarráðs á tillögu samráð stýrihóps um þjónustustefnu.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17050018	Erindi frá félagsráðgjafafélagi Íslands vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga	Sent velferðarsviði til kynningar.



STJÓRN SSH 460. fundur

Mánudaginn 3. september 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Karl M. Kristjánsson.

Fjarverandi: Ásgerður Halldórsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Aðalfundur SSH 2018.

Samþykkt að aðalfundur SSH 2018 verði haldinn í Garðabæ 16. nóvember 2018.

2. Greining á starfi SSH og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Fyrir lá eftirfarandi tillaga:

Stjórn SSH samþykkir að skipa verkefnahóp til að leggja fram tillögur um hvernig samtökin geta sem best unnið með sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu á komandi árum og hvernig hægt er að laga umfang og eðli starfsemi samtakanna þannig að hún falli sem best að fyrirsjáanlegum verkefnum sem sveitarfélögin kjósa að takast á við á vettvangi samtakanna.

Verkefnið felur m.a í sér:

Samanburð á tekjum (fjárframlögum sveitarfélaganna, jöfnunarsjóðs og sóknaráætlunar) og verkefnum SSH og annarra landshlutasamtaka, umfangi samstarfs og áherslum í samstarfi. Sömuleiðis verði skoðað fyrirkomulag og umgjörð samstarfsverkefna í hverjum landshluta og hvernig samskiptum við sveitarstjórnir og kjörna fulltrúa er háttað.

Yfirferð á núverandi samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á vettvangi SSH og mati á hverju þarf mögulega að breyta í ljósi reynslu og breyttra áherslna.

Mótun tillagna um mögulega breytingar og áherslur í ljósi úrvinnslu á a) og b).

Gert er ráð fyrir að úrvinnsla, niðurstöður og tillögugerð hópsins verði teknar til umfjöllunar á aðalfundi SSH 16. nóvember 2018.

Tillagan samþykkt, og samþykkt að skipa Ármann Kr. Ólafsson, Rósu Guðbjartsdóttur og Gunnar Einarsson í verkefnahópinn.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30

Fundargerð
13. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 3. september 2018, kl. 10:00

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson Kópavogsbæ, sjónarformaður SORPU bs.
Líf Magneudóttir, Reykjavíkurborg
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ
Ásgeir Bjarni Garðarsson, Hafnarfjarðarbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri SORPU bs., Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2019

- a) Fyrir lá tillaga að forsendublaði vegna meginþátta í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2019. Birgir Björn Sigurjónsson fór yfir og skýrði helstu þætti:

1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2019-2023 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7	2,5
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3,0	2,4	2,3	2,5
Verg landsframleiðsla	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2	4,1

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2018 og 2019 þ.e. á milli ársloka 2017 og 2018 annars vegar og ársloka 2018 og 2019 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2018	2019
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,5	2,1

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

4. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.

5. Forsendur um hagræðingartillögur

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna við gerð fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að ofangreint verði lagt til grundvallar við mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2019.

- b) Forsendublað stjórnar SORPU bs. vegna rekstraráætlunar byggðasamlagsins 2019-2023.

Framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir meginþætti í fyrirbyggjandi forsendublaði.

Umræður

Rætt var um mikla aukningu í aðstreymi úrgangs til meðhöndlunar og förgunar hjá byggðasamlaginu og núverandi stöðu endurvinnslustöðva sveitarfélaganna í því sambandi. Farið var yfir þörf á endurskoðun á staðsetningu stöðvanna og mótun heildarsýnar á fjölda og framtíðarstaðsetningu þeirra.

Niðurstaða:

Samþykkt að ofangreind forsenduskjöl verði lögð til grundvallar við gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2019, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi.

Jafnframt var samþykkt að framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri SSH kalli saman fulltrúa SORPU og skipulagsstjóra sveitarfélaganna til að greina í sameiningu kosti og möguleika á nýrri staðsetningu endurvinnslustöðva sveitarfélaganna í ljósi óhjákvæmilegra breytinga sem þarf að gera á núverandi staðsetningu. Stefnt að því að verkefnið verði komið í gang fyrir næsta eigendafund byggðasamlagsins.

2. mál: Urðunarstaður í Álfsnesi – staða vegna starfsleyfis og tímasetningar í eigendasamkomulagi frá október 2013.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra SORPU bs. vegna málsins.

Umræður.

Niðurstaða:

Ljóst er að brýn þörf er á að framlenging á starfsleyfi vegna urðunarstaðar í Álfsnesi til jafnlengdar við tímalengd í eigendasamkomulegi fáið sem fyrst. Framkvæmdastjóri mun vinna áfram að málinu og í tengslum við úrvinnslu á mögulegri framtíðarlausn urðunarstaðar sbr. 3. mál hér að neðan.

3. mál: Samstarf sorpsamlaga á suðvesturhorni – viljayfirlýsing og staða viðræðna um mögulegan framtíðarurðunarstað á suðurlandi.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum vegna þessa máls:

Minnsiblað framkvæmdastjóra SSH: „Málefni framtíðarurðunarstaðar og samstarf sorpsamlaga um framtíðarlausnir við meðhöndlun úrgangs.

Bókun sveitarstjórnar Ölfuss frá 30. ágúst vegna erindis Sorpstöðvar Suðurlands um möguleika á opnun urðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang á Nessandi í Ölfusi.

Ármann Kr. Ólafsson gerði grein fyrir yfirstandandi viðræðum fulltrúa eigenda SORPU og stjórnar SOS um málið, og framkvæmdastjóri SSH og framkvæmdastjóri SORPU fóru sömuleiðis yfir meginþætti máls.

Umræður

Niðurstaða:

Lausn á staðsetningu nýs urðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang er grundvallarforsenda fyrir samstarfi og verkaskiptingu sorpsamlaga á suðvesturhorninu vegna meðhöndlunar og forgang úrgangs, sem og nauðsynlegt úrræði í stað urðunarstaðar í Álfsnesi eftir 2020.

Fyrirliggjandi upplýsingar um stöðu málsins og bókun bæjarstjórnar Ölfuss frá 30. ágúst sl. benda ekki til þess að lausn sé í sjónmáli á vettvangi SOS.

Í ljósi þessa telur eigendafundurinn nauðsynlegt að boðað verði svo fljótt sem auðið er til sameiginlegs fundar stjórnar og eigendavettvangs SORPU sb. annars vegar og stjórn SOS og framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga SOS til fundar til að fara yfir þessa stöðu.

Framkvæmdastjóra SSH falið að boða til fundarins.

Næsti eigendafundur verður haldinn mánudaginn 1. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:45

Páll Guðjónsson, fundarritari.

Fundargerð
15. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 3. september 2018, kl. 08:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar Strætó bs., Reykjavík
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2019

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi:

Almennar forsendur fjárhags- og starfsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2019 .
Forsendublað Strætó bs. vegna fjárhags- og starfsáætlunar 2019.

Birgir Björn Sigurjónsson gerði grein fyrir framlögðu forsendublaði vegna fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins 2019:

1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2019-2023 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7	2,5
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3,0	2,4	2,3	2,5
Verg landsframleiðsla	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2	4,1

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2018 og 2019 þ.e. á milli ársloka 2017 og 2018 annars vegar og ársloka 2018 og 2019 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2018	2019
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,5	2,1

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um framlög eigenda

Við áætlunargerðina skal miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi framlög eigenda.

4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.

6. Forsendur um hagræðingaraðgerðir

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna við gerð fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar 3. apríl 2017.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundur samþykkti að ofangreindar forsendur verði lagðar til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar 2019 fyrir byggðasamlagið.

Forsendur Strætó bs. vegna fjárhags- og starfsáætlunar 2019

Hjálmar Sveinsson, varaformaður stjórnar Strætó bs. gerði grein fyrir framlagðri tillögu að meginforsendum fjárhags- og starfsáætlunar sem stjórn Strætó bs. leggur til að verði til grundvallar við mótn fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2019.

Framkvæmdastjóri Strætó bs. gerði grein fyrir núverandi stöðu í rekstri byggðasamlagsins og helstu viðfangsefnum sem takast þarf á við á komandi ári.

Umræður

Rætt var m.a. um árangur af breytingum á leiðakerfi á liðnu sumri, s.s. aukinni tíðni, tilraunaverkefni með næturakstur, þörf á rafrænu greiðslukerfi, farþegatalningu o.fl. Þá var einnig rætt um áhrif af uppgjöri við Lífeyrissjóðinn Brú á fjárhagsstöðu byggðasamlagsins.

Niðurstaða:

Stjórn Strætó bs. mun móta endanlegar tillögur að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir 2019 á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og í samræmi við þá meginforsendur að rekstur byggðasamlagsins verði í jafnvægi og ekki komi til aukinna framlaga eigenda.

2. mál. Samningur SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni til efningar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Neðangreind gögn lágu fyrir undir þessum dagskrárlið:

Stiklublað – yfirlit yfir aðgerðir í rekstri og þjónustu Strætó bs. 2012-2018 á grundvelli framlags ríkisins skv. ofangreindum samningi.

Tillaga að næstu skrefum – hugmyndir um aðgerðir til lengri og skemmri tíma til aukins árangurs af nýtingu framlags ríkisins sbr. ofangreindan samning.

„Efling almenningssamgangna – samningur ríkisins og SSH“ – stiklusamantekt.

Fyrir liggur að skv. ofangreindum samningi átti að fara fram ítarlegt framvindu og árangusmat á fyrri hluta ársins. Stýrihópur verkefnisins frestaði að skila niðurstöðu og óskaði eftir greinargerð frá Strætó bs. um mögulegar aðgerðir til markvissari nýtingar á framlagi ríkisins í samræmi við sett markmið í samningnum. Ofangreind gögn verða hluti af endanlegum tillögum Strætó bs. sem verða tilbúna á næstu 1–2 vikum.

Umræður

Niðurstaða.

Strætó bs. mun skila endanlegum tillögum til stýrihóps verkefnisins, og gert er ráð fyrir að niðurstaða stýrihópsins verði rædd á næsta eigendafundi byggðasamlagsins.

Samþykkt að næsti eigendafundur verði haldinn mánudaginn 1. október nk. og þar verði fjallað um mótaða rekstraráætlun fyrir 2019 sbr. 1. mál og árangurs- og framvindumat vegna tilraunaverkefnisins um eflingu almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mál.

Næsti eigendafundur verður haldinn mánudaginn 1. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:30

Páll Guðjónsson, fundarritari.

Matarhátíð alþýðunnar 2018

Umsókn um styrk úr borgarsjóði Reykjavíkurborgar

Um Matarhátíð alþýðunnar

Íslensk matvælaframleiðsla er spennandi atvinnugrein sem státar af hágæða afurðum. Þessum tíðindum hafa verið gerð góð skil út frá sjónarhóli svínabænda á Matarhátíðinni *Reykjavík Bacon Festival* sem haldin var á Skólavörðustígnum í ágúst mánuði á árunum 2011-2015. Hátíðin hefur fest sig í sessi og gestum fjölgað ár frá ári og áhugi annarra matvælaframleiðenda fyrir þátttöku er sífellt að aukist. Árið 2016 var því ákveðið að líta til fleiri þátta íslenskrar matvælaframleiðslu og var nafninu í framhaldinu breytt í *Matarhátíð alþýðunnar*. Skemmst er frá því að segja að breytingarnar mæltust vel fyrir og mættu um 50-60 þúsund gestir enda hátíðin haldin á besta tíma árs og er vinsæl meðal borgarbúa en með skýr tengsl við verðmætasköpun á landsbyggðinni. Vinsældirnar höfðu þó orðið til þess að hátíðin hálfpartinn sprengdi utan af sér og sást fljótlega að gera þyrfti breytingar til þess að halda henni áfram.

Hingað til hefur allt utanumhald og verkstýring verið á höndum "Baconbræðra" sem hafa verið frumkvöðlar að uppbyggingu hennar og gert allt í sjálfböðavinnu. Einhverjir styrkir hafa fengist til þess að kaupa að aðföng sem þarf auk skemmtiatriða en með mikilli fjölgun gesta ár frá ári er talin þörf á frekara fjármagni til að hátíðin haldi sessi. Ekki tókst að halda upp á hátíðina sumarið 2017 og því er mikill vilji fyrir því að svo verði árið 2018.

Verðmætasköpun

Mikil tækifæri felast í þessari hátíð fyrir bændur og matvælaíðnaðinn til að sýna samstöðu og leggja áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu hér á landi og kynna þær gæðavörur sem íslenskar landbúnaðarafurðir eru, þá sérstaklega í kjölfar umræðunnar um landbúnað á Íslandi á síðustu misserum. Á hátíð sem þessari er líka verið að tengja saman höfuðborgina og landsbyggðina sem er einstaklega mikilvægt fyrir bændur og þeirra framleiðslu.

Það væri mikill styrkur að fá hjálp frá Reykjavíkurborg til þess að kynna fjölbreytileika íslenskrar matvælaframleiðslu enn betur og á frumlegan og skemmtilegan hátt. Fyrirtæki í afurðageiranum geta auk þess nýtt hátíðina til að kynna nýjar vörulínur og vörupróun og á sama tíma skapað skemmtilegt andrúmsloft í Reykjavík. Í tengslum við hátíðina væri möguleiki að hanna borða eða lógó sem aðilar sem koma að hátíðinni notað til að merkja vörur sínar til að auka sýnileika þeirra. Þá er hátíðin góð leið fyrir iðnaðinn að starfa saman í jákvæðu verkefni sem getur aukið samstöðu og leitt af sér fleiri verkefni.

Veitingastaðir í borginni og víðar yrðu með kynningar á matarréttum gerðum úr afurðum frá íslenskum matvælaframleiðendum og í staðinn fá veitingastaðirnir afurðir frá framleiðendum sem þeir geta nýtt á sínum stöðum til sölu. Fyrir tveimur árum heppnaðist þetta sérstaklega vel þar sem veitingarstaðirnir gerðu marga nýstárlega rétti úr íslenskum afurðum. Gestum gefst kostur á að kaupa ódýra matarmiða til þess að tryggja stýringu við tjöld veitingastaðanna og

einfalda ferlið til muna. Einnig eru uppi hugmyndir um að dreifa hátíðinni enn frekar um Reykjavík og gefa enn fleirum tækifæri til að taka þátt árið 2018. Til að mynda væri Grandi, Fógetatorgið, Hlemmur og fleiri staðir tilvaldnir til þess til að dreifa fjöldanum og hátíðinni um leið.

Mikil reynsla hefur skapast í þau 6 ár sem hátíðin hefur verið haldin og mikilvægt er að byggja á þeim grunni sem skapast hefur. Frumkvöðlarnir sem hafa komið þesari hátíð á þann stað sem hún er í dag eru mikilvægur þáttur í ímynd hennar og þess vegna mikilvægt að þeir haldi áfram að móta hugmyndir og kynna hátíðina með það að markmiði að ná fram enn skemmtilegri upplifun og andrúmslofti. Þeir hafa einstakt lag á að koma sér á framfæri og geta verið mikilvægir í allri hugmyndavinnu og kynningarmálum. Hingað til hafa þeir sem fyrr segir unnið allt í sjálfböðavinnu og allur hagnaður sem komið hefur af miðasölu runnið til góðgerðastarfs.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hátíðina verði um 17-19 milljónir og þörfin fyrir hráefni, svo sem kjöt, fisk og grænmeti er 4-5 tonn sem mikilvægt er að lykilaðilar í matvælaframleiðslu aðstoði við að fjármagna. Með aðkomu og hjálp Reykjavíkurborgar má stækka þessa hátíð enn frekar og gera þannig íslenskum iðnaði hátt undir höfði á besta tíma í miðbæ Reykjavíkur og á sama tíma tengja viðburðinn við borgina. Íslenskur matvælaíðnaður hefur góða sögu að segja og viðburður á borð við *Matarhátíð alþýðunnar* er áhrifarík leið til að miðla þeim skilaboðum.

Markmið hátíðarinnar

Eins og fyrr segir eru markmið hátíðarinnar margþætt. Til að mynda:

- Að efla mátt íslenskrar matvælaframleiðslu með því að kynna hana fyrir Íslendingum og ferðamönnum á skemmtilegan hátt í miðborg Reykjavíkur.
- Að virkja og hvetja veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu til að nýta ferskt íslensk hráefni og á sama tíma styrkja matvælaframleiðendur á Íslandi.
- Halda á lífi skemmtilegum viðburði í hjarta Reykjavíkur sem tekið er eftir.

Verk- og tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að hátíðin fari fram aðra helgina í ágúst en það yrði ákveðið í samráði við Reykjavíkurborg og fundinn tími sem hentar öllum aðilum.

Skipulagning hátíðarinnar myndi byrja í febrúar/mars. Þá þarf að hafa samband við alla hlutaðeigandi aðila, kynna fyrir þeim fyrirkomulag hátíðarinnar og fá þá til samstarfs. Vinnan við hátíðina sjálfa hefst í lok júlí/byrjun ágúst. Undirbúningsvinnan felur í sér samskipti og samningagerð við birgja og veitingastaði og semja um það hvað veitingastaðirnir ætla að bjóða upp á. Hafa þarf samband við styrktaraðila helst í byrjun næsta árs eða í lok þessa árs svo þeir geti gert ráð fyrir hátíðinni í áætlunum sínum.

Til að taka þetta saman myndi starfsmaður vera í 100% stöðu við skipulagningu í einn mánuð en vinnan dreifist þó á nokkra mánuði. Reynslan sýnir að erfitt er að vinna að hátíðinni yfir sumarfrísmánuðina og á álagstímum hjá veitingastöðum. Vinnan myndi helst felast í tölvupóstsamskiptum, símhringingum og sameiginlegum fundum hlutaðeigandi aðila.

Botnlaus vinna tekur svo við síðustu daga fyrir hátíðina – að græja og gera.

Væntanlegur árangur og ávinningur

Vonast er til að hátíðin muni festa sig í sessi hérlandis og verða að árlegum atburði sem beðið er eftir. Einnig væri stór plús ef vel tækist til við að kynna hátíðina erlendis og þannig gera hana að eftirsóttum viðkomustað matgæðinga utan úr heimi.

Hátíð sem þessari fylgja miklir möguleikar hvað varðar framtíðarþróun og væri til að mynda hægt að halda minni útgáfu af Matarhátíð alþýðunnar á fleiri stöðum víðsvegar um landið en þó alltaf með svipuðum áherslum og markmiðum. Myndi það enn frekar gefa íslenskri matvælaframleiðslu byr undir báða vængi hvað varðar kynningu og fleira.

Fjárhagsáætlun

Hér gefur að kynna helstu fjárhagstölur:

Kostnaður

- Laun starfsmanna: 1.600.000
- Markaðs- og kynningarmál: 2.210.000
- Hráefniskostnaður: 9.200.000
- Skemmtiatriði: 1.000.000
- Uppsetning hátíðar: 4.360.000
- Annar rekstrarkostnaður: 520.000 (Endurskoðun og annar kostnaður sem fellur til)

Samtals: 18.890.000

Tekjur

- Seldir miðar: Hver matarmiði kostar 350kr.
Á síðustu hátíð seldust rúmlega 9.100 miðar
Tekjur af miðasölu um 3.200.000kr.
- Leiga á básum: Við leigjum bása fyrir veitingastaðina til afnota á Skólavörðustígnum.
- Styrkir frá samstarfsaðilum:
Að síðustu hátíð stóðu SS, KS og MS. Á árum áður komu ALI og Stjörnugrís að hátíðinni sem styrktaraðilar og í ár ætlum við einnig að leitast eftir að fá annars konar matvælaframleiðendur með okkur, svo sem grænmeti og fisk.
Heildarstyrkir til hátíðarinnar hafa numið hæst 2.500.000kr.

Aðstandendur hátíðarinnar eru:

Árni Georgsson
Benedikt Ingi Tómasson
Björn Ófeigsson
Bogi Guðmundsson
Bollí Ófeigsson
Jóhann Jónsson
Jón Ólafur Sigurjónsson

Ragnar Ingólfsson
Sigfús Ólafsson
Þorbjörn Sigurbjörnsson

Samstarfsaðilar:

Aton – mun sjá um kynningar- og markaðsmál
Bændasamtökin
Garri
o.fl.

Tengiliður vegna umsóknar:

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer P-2017-10-02-0332

Nafn umsækjanda Reykjavík Bacon Festival ehf.

Kennitala 5008121170

Heimilisfang Þinghólsbraut 24

Netfang thorbjornsig@gmail.com

Póstnúmer 200

Staður Kópavogur

Símanúmer 1 6986797

Símanúmer 2 8477419

Nafn ábyrgðarmanns Þorbjörn Sigurbjörnsson

Kennitala
ábyrgðarmanns 2901784799

Heimilisfang
ábyrgðaraðila -

Póstnúmer
ábyrgðaraðila -

Netfang ábyrgðaraðila -

Símanúmer
ábyrgðaraðila -

Hlutverk ábyrgðaraðila Framkvæmdastjóri

Banki 0526

Höfuðbók 26

Reikningsnúmer 005008

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Matarhátíð alpýðunnar / Reykjavík Bacon Festival

Verkefnið í hnotskurn

Matarhátíð í miðbæ Reykjavíkur. Fjölskylduhátíð sem haldin utandyra og sameinar matarframleiðendur landsins.

Verkefnislýsing

Sótt er um styrk frá Reykjavíkurborg til þess að kynna fjölbreytileika íslenskrar matvælaframleiðslu enn betur og á frumlegan og skemmtilegan hátt. Fyrirtæki í afurðageiranum geta auk þess nýtt hátíðina til að kynna nýjar vörulínur og vörupróun og á sama tíma skapað skemmtilegt andrúmsloft í Reykjavík. Í tengslum við hátíðina væri möguleiki að hanna borða eða lógó sem aðilar sem koma að hátíðinni notað til að merkja vörur sínar til að auka sýnileika þeirra. Þá er hátíðin góð leið fyrir iðnaðinn að starfa saman í jákvæðu verkefni sem getur aukið samstöðu og leitt af sér fleiri verkefni. Um er að ræða eins dags hátíð og standa þarfr straum af kostnaði við laun, markaðsmál, skemmtiatriði og uppsetningu hátíðarinnar.

Sótt er um verkefni á Menningarmála sviði

Markmið

Markmið hátíðarinnar er að efla mátt íslenskrar matvælaframleiðslu með því að kynna hana fyrir Íslendingum og ferðamönnum á skemmtilegan hátt í miðborg Reykjavíkur. -Að virkja og hvetja veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu til að nýta ferskt íslensk hráefni og á sama tíma styrkja matvælaframleiðendur á Íslandi. -Halda á lífi skemmtilegum viðburði í hjarta Reykjavíkur sem tekið er eftir.

Hverjir hafa helst hag af Bæði kynin jafnt

styrknum?

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Bæði kynin jafnt

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Verkefnið hefur ekki ólík áhrif á kynin.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Engum er mismunað á hátíðinni og reynt að koma til móts við þarfir allra.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Mikil tækifæri felast í þessari hátíð fyrir bændur og matvælaíðnaðinn til að sýna samstöðu og leggja áherslu á mikilvægi innlendra matvælaframleiðslu hér á landi og kynna þær gæðavörur sem íslenskar landbúnaðarafurðir eru, þá sérstaklega í kjölfar umræðunnar um landbúnað á Íslandi á síðustu misserum. Á hátíð sem þessari er líka verið að tengja saman höfuðborgina og landsbyggðina sem er einstaklega mikilvægt fyrir bændur og þeirra framleiðslu.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Gert er ráð fyrir að hátíðin fari fram aðra helgina í ágúst en það yrði ákveðið í samráði við Reykjavíkurborg og fundinn tími sem hentar öllum aðilum. Undirbúningur hátíðar byrjar í febrúar. Vinna við hátíðina hefst í júlí.

Verkpættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Laun	1600000
Markaðsmál	2210000
Hráefniskostnaður	9200000
Skemmtiatriði	1000000
Uppsetning hátíðar	4360500
Annar rekstrarkostnaður	520000

Samtals 18.890.500

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
Miðasala	3000000
Styrkir	12000000

-
Samtals 15.000.000

Upphæð sem sótt er um: -

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	-

Samtals

0

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
---------------	--------

-	-
-	-
-	-

Samtals

0

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg
áður synjað verkefni
umsækjanda?


-

Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði? Ef svo er,
hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna?

-

Annað sem
umsækjandi vill taka
fram

-



Borgarstjóri

Reykjavík 5. september 2018

Dagur B Eggertsson

Ráðhúsi Reykjavíkur

Varðar: Lóð fyrir hjúkrunarheimili

Hjúkrunarheimilið Eir sækir hér með um lóð fyrir allt að 100 rýma hjúkrunarheimili við Móaveg í Reykjavík (við hlið Borgarholtsskóla).


Óskað er eftir staðfestingu á að lóðin sé frátekin fyrir Eir sbr. fyrri umræður um málið.

Virðingarfyllst,

Sigurður Rúnar Sigurjónsson

forstjóri

Borgarráð Reykjavíkur



**Umsókn um aukið kennslumagn og lækkun húsaleigu á núverandi húsnæði
Tónskóla Eddu Borg, Kleifarseli 18.**

16.ágúst 2018

30. skólaár Tónskóla Eddu Borg er nú að hefjast, en skólinn tók til starfa haustið 1989.

Eftir að Reykjavíkurborg fór að veita skólanum fjárstyrk óx hann og dafnaði og var nemendafjöldi allt að 190 nemendur. En að jafnaði þau 29 ár sem skólinn hefur starfað um 150 nemendur ár hvert.

Á undanförnum árum hefur skólinn hinsvegar orðið fyrir mikilli skerðingu og voru einungis 114 nemendur við nám á liðnu skólaári 2017–2018.

Fyrir 10 árum flutti skólinn í nýtt, glæsilegt og endurbætt húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar, að Kleifarseli 18. Mikil ánægja er með þetta glæsilega húsnæði og eru bæði kennarar og nemendur spenntir fyrir framtíð skólans og þeim tækifærum sem felast í auknu rými. Núverandi húsnæði er rúmlega helmingi stærra en það húsnæði sem skólinn var áður í að Hólmaseli og þ.a.l. hlutfallslega dýrara í rekstri. Á sama tíma og skólinn flutti var kennslumagn til skólans minnkað verulega og aukinn rekstrarkostnaður hefur því hamlað frekari uppbyggingu.

Samkvæmt þjónustusamningi sem gerður var við skólann 2. mars 2017 er skólanum gert að kenna 4.051 stundir en eru nú kenndar 5.462 stundir sem er 1.411 stundum umfram samning við Reykjavíkurborg. Þessi staða hefur, svo sem augljóst er, mikil áhrif á stöðu skólans bæði hvað varðar allan rekstur og getu til að fjölga nemendum við skólann á öllum stigum tónlistarnámsins.

Nú eru 126 nemendur skráðir í skólann. 51 umsókn bíður afgreiðslu inni á Rafrænni Reykjavík og 14 nemendur eru á biðlista.

Því er nú óskað eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um aukningu á kennslumagni til að verða við þeirri ásókn sem er í skólann, sem og lækkun húsaleigu.

Virðingarfyllt,

Edda Borg Ólafsdóttir, skólastjóri Tónskóla Eddu Borg

Tónskóli Eddu Borg

Starfsárið 2017-2018



Skilað til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á grundvelli reglna um þjónustusamninga við tónlistarskóla

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	3
<i>Nemendafjöldi</i>	3
<i>Kennarar</i>	3
<i>Skóladagatal</i>	3
<i>Helstu viðburðir</i>	3
<i>Samstarf eða þróunarverkefni</i>	3
<i>Annað</i>	4
Yfirlit yfir kennslu nemenda	4
<i>Kennslumagn</i>	4
<i>Kennsluhættir</i>	4
<i>Kennslustaðir</i>	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans	4
Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári	4
Mat á námsárangri	4
Mat á starfsemi skólans	5
Lykiltölur starfseminnar – markmið byggð á greinargerð síðasta árs	5
<i>Starfsmannahald</i>	5
<i>Tónleikahald</i>	5
<i>Heimsóknir í og frá skólanum</i>	5
Hvernig skólinn framfylgir stefnu Reykjavíkurborgar	5
Lokaorð	5

INNGANGUR

Tónskóli Eddu Borg hefur nú klárað 29.starfsár sitt.

Skólinn starfar eftir Aðalnámsskrá Tónlistarskóla útgefinni af Menntamálaráðuneytinu.

Nemendur geta valið um að fara klassíska/hefðbundna leið í tónlistarnáminu eða byggja nám sitt meira á rytmískri tónlist.



UMFANG STARFSINS

NEMENDAFJÖLDI

Nemendur skólans voru í vetur 115 og skiptast í forskóla og einkatíma á hljóðfæri.

KENNNARAR

11 kennarar starfa við skólann, 5 karlar og 6 konur.

SKÓLADAGATAL

Kennarar mættu á sinn fyrsta kennarafund þann 28.ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 1.september 2017. Á kennarafundi fengu kennarar skóladagatal og yfirlit yfir skólaárið sem sýnir kennsludaga, starfsdaga í upphafi og lok skólaárs, skólasetningu, skólaslit og breytta daga/sérstaka daga. Skólinn var settur í Seljakirkju fimmtudaginn 31.ágúst 2017. Skólaslit voru í Seljakirkju föstudaginn 1.júní 2018. Skólinn starfar í 35 vikur.

HELSTU VIÐBURÐIR

Nemendur komu fram á tónfundum á haust- og vorönn. Kennarar taka sig saman og halda sameiginlega tónfundri eða einir og sér. Síðan koma allir nemendur fram á jólatónleikum og vortónleikum. Skólinn býður öllum nemendum á jólaballi í skólanum áður en haldið er í jólafrí og var það haldið 19.desember 2017. Ópið hús var haldið í tengslum við Dag tónlistaskólanna, 10. febrúar 2018 eins og ár hvert og var það vel sótt af nemendum, foreldrum og öðrum aðstandendum. Nemendur spiluðu nokkrum sinnum fyrir eldri borgara og stofnanir í hverfinu. Einnig hafa nemendur verið iðnir við að leika á ýmsum uppákomum t.d. í Seljaskóla.

SAMSTARF EÐA ÞRÓUNARVERKEFNI

Mjög gott samstarf er við grunnskólana í hverfinu, Seljaskóla og Ölduselsskóla.

Einnig er gott samstarf við Seljakirkju þar sem jóla- og vortónleikar skólans fara fram og eru nemendur fengnir til að spila við sérstakar athafnir í kirkjunni.

Tónfræðikennsla fór fram í fjarnámi í vetur í samstarfi við Tónlistarskólann í Árbæ. Það hefur komið í ljós að mikilvægt er að hafa þetta val fyrir nemendur. Sumir nemendur eru það uppteknir við íþróttir eða aðrar tómstundir að erfitt er að finna tíma fyrir tónfræðigreinar.

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts fékk aðstöðu í skólanum til að kenna á slagverk í vetur. Kennari frá þeim kenndi nemendum á skólatíma hér í tónskólanum tvisvar sinnum í viku.

ANNAÐ

Mikil áhersla er lögð á samspil nemenda og eru nokkur samspil í gangi allan veturinn. Settar voru saman rytmískar hljómsveitir og einnig voru strengja nemendur í smærri samspilum.

Við höfum einnig aðstoðað nemendur okkar við að undirbúa þátttöku í ýmsum keppnum eins og t.d. fyrir söngvakeppnir félagsmiðstöðvanna, söngvakeppnir menntaskólanna og öðrum hverfiskeppnum.

Spunanámskeið var haldið fyrir kennara skólans snemma á vorönninni. Það hefur sett sinn svip á kennslubraginn. Í framhaldi af námskeiðinu hittust kennarar reglulega til að músísera saman.

Í undirbúningi er Suzuki deild við skólann. Bindum við vonir við það að hún geti tekið til starfa haustið 2019.

YFIRLIT YFIR KENNSLU NEMENDA

Skólinn kennir 5.462 umreiknaðar nemendastundir á skólaárinu 2017-2018 samkvæmt Tónalaunum. Sem eru 1.411 stundum umfram samningi við Reykjavíkurborg. Það er von okkar að hægt verði að koma til móts við skólann og auka fjárframlag til að mæta eftirspurn.

KENNSLUMAGN

Kennslumagn þarf að aukast verulega til að skólinn geti sinnt þeirri eftirspurn sem er eftir hljóðfæranámi. Biðlisti hefur orðið til að undanförunu og eru nú t.d. 24 nemendur sem bíða eftir að komast í hljóðfæranám.

KENNSLUHÆTTIR

Fyrirkomulag kennslunnar í skólanum: Nemendur í forskóla fá tvær kennslustundir á viku 45 mín í senn. Í hóptímum (6-8 nemendur í hóp). Hljóðfæranemendur fá eina kennslustund í einkatíma hjá kennara, sem skiptist yfirleitt í tvær mætingar. Eftir því sem náminu miðar áfram bætast við aukagreinar. Á undanförunum árum hefur skólinn verið í samstarfi við aðra skóla með aukagreinar. Í vetur fór tónfræðikennslan fram í fjarnámi og hittu nemendur kennara í skólanum reglulega. Boðið er upp á samþil eftir því sem nemendur hafa getu til.

KENNSLUSTAÐIR

Tónskóli Eddu Borg er til húsa í Kleifarseli 18. Auk þess er skólinn með aðstöðu í Ölduselskóla fyrir nemendur sem hafa óskað eftir því að fá kennslu á skólatíma. Þar leggur skólinn til píanó og slagverkshljóðfæri til kennslunnar.

HLUTVERK/LEIÐARLJÓS/GILDI TÓNLISTARSKÓLANS

Tónskóli Eddu Borg er alhliða tónlistarskóli með kennslu á fjölbreytt úrval hljóðfæra. Yfirleitt byrja nemendur 5-7 ára í forskóla sem stendur yfir í eitt til tvö ár. Í forskóla fá nemendur kennslu í undirstöðuatriðum tónlistarinnar og vandaða hljóðfærakynningu. Að forskóla loknum velja nemendur sér hljóðfæri. Það hefur alltaf verið lögð rík áhersla á að nemendur þjálfist í því að koma fram á tónleikum og læri þann undirbúning og ferli við tónleikahald.

STUTT GREINARGERÐ UM STARFIÐ

Skólastarfið var hefðbundið. Skólinn hélt tónfundi í október og nóvember, Jólatónleika í desember, miðsvetrartónfundi í febrúar og mars og svo Opið hús í mars í tengslum við dag Tónlistarskólanna. Vortónleikar skólans voru fernir að þessu sinni, haldnir í Seljakirkju þann 12. maí. Auk þess léku nemendur skólans í ýmsum athöfnum í Seljakirkju. Á skólaárinu léku nemendur einnig á hverfishátíðum, vorhátíð Breiðholts á Sumardaginn fyrsta og fyrir aldraða á dvalarheimilum í Breiðholti.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Kennt er eftir Aðalnámskrá Tónlistarskóla útgefinni af Menntamálaráðueytinu. Nemendur taka áfangapróf eftir því sem náminu miðar áfram. Nemandi tekur ekki áfangapróf á hverju ári. Algengt er að tveir til þrír vetur geti liðið, án þess að áfangapróf séu tekin. Allir nemendur skólans taka vorpróf.

MAT Á STARFSEMI SKÓLANS

Skólinn hefur verið að skoða með hvað hætti væri hægt að meta starfsemi skólans. Gerð var ánægju-könnun hjá Reykjavíkurborg meðal foreldra nú í vor og bíðum við spennt eftir niðurstöðu könnunarinnar.

LYKILTÖLUR STARFSEMINNAR – MARKMIÐ BYGGÐ Á GREINARGERÐ SÍÐASTA ÁRS

STARFSMANNAHALD

11 kennarar starfa við skólann. Þar af 5 karlar og 6 konur. Skólinn hefur skólastjóra og ritara/ræstítækni.

TÓNLEIKAHALD

Skólinn stendur alltaf fyrir fjölda tónfunda bæði á haust- og vorönn. Jólatónleikar og vortónleikar eru á sínum stað í Seljakirkju. Nemendur fóru eins og undanfarin ár í heimsóknir í Skógarbæ og Seljahlíð á aðventunni og á vorönn, til að leika fyrir aldraða sem þar búa. Opið hús er orðið að árlegum viðburði í tengslum við dag tónlistarskólanna í febrúar. Þá er skólinn opinn öllum, nemendum, foreldrum, aðstandendum og öllum íbúum hverfisins. Nemendur leika fyrir gesti og foreldrafélagið býður upp á heitar vöfflur með rjóma og kaffi.

HEIMSÓKNIR Í OG FRÁ SKÓLANUM

Skólinn hefur á undanförnum árum tekið á móti leikskólabörnum úr hverfinu einu sinni á ári, þeim sýndur skólinn og skemmtileg stund átt með þeim.

HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Skólinn býður upp á fjölbreytt nám og leitast við að koma til móts við þarfir og óskir nemenda og foreldra. Skólinn hefur fram til þessa boðið upp á kennslu á skólatíma, þeim nemendum sem óska eftir. Flestir nemendur skólans eru að koma í kennslustundir á bilinu 13:00 -17:00. Skólinn býður upp á námskeið í hljóðfæraleik; trommur, hljómborð, bassa og á gítar. Hvert námskeið stendur yfir í tíu vikur.

LOKAORÐ

Tónskóli Eddu Borg hefur nú lokið 29. starfsárinu og ávallt haft það að leiðarljósi að efla tónlistaráhuga meðal ungs fólks og geta telft fram áhugasömum og góðum kennurum. Skólinn hefur á undanförnum árum lagt sig fram um að sinna samspilsþætti hljóðfæranámsins vel. Nemendur skólans hafa haft mörg tækifæri til að undirbúa og flytja tónlist í smærri sem stærri hópum á tónleikum og tónfundum. Einnig

hefur skólinn lagt mikið upp úr því að þjálfa nemendur í að koma fram við margskonar tækifæri.



Ásdís Tara Árnadóttir		<u>lindaxin2009@gmail.com</u>		Fíjótasel 5 109 Reykjavík Reykjavík	
06 ára	181111 2670	Ótílg. skóli	Nem - <u>695 0191</u>	Sími2 - <u>625 8585</u>	
Gr	Árni Grétar Sigurjónsson				
	<u>Senda Tölvupóst</u> Forráðam. - <u>695 0191</u>				
Námsgrein Planó	Kennari	Áfangi Grunn	Deild Planódeild	Stig 1	Ath Ma Fi Vikud
Abena Kristín Dýrfjörð					
	<u>nhronn@kopavogur.is</u>				
07 ára	200311 2480	Ótílg. skóli	Nem - <u>690 1740</u>	Sími2 - <u>588 2289</u>	
Gr	Nína Hrönn Guðmundsdóttir				
	Forráðam. - <u>690 1740</u> Sími2 - <u>588 2289</u>				
Námsgrein Planó	Kennari	Áfangi Grunn	Deild ---	Stig 1	Ath Vikud
Camilla Guðrún Andradóttir					
	<u>sandrawaagfjord@gmail.com</u>				
09 ára	111108 2420		Nem - <u>770 0807</u>	Sími2 - <u>770 0809</u>	
Gr	Sandra Waagfjörð				
	<u>Senda Tölvupóst</u> Forráðam. - <u>770 0807</u>				
Námsgrein Planó	Kennari	Áfangi Grunn	Deild Grunn	Stig 1	Ath Vikud
	Ragnheiður	Grunn		1	Kom inn af biðlista - Halldóra hætti við
Davíð Sigurvinsson					
	<u>dora.mjoll.hauksdottir@gmail.com</u>				
15 ára	110103 2630	Ótílg. skóli	Nem - <u>861 1005</u>	Sími2 - <u>534 7217</u>	
Gr	Dóra Mjöll Hauksdóttir				
	<u>Senda Tölvupóst</u> Forráðam. - <u>861 1005</u>				
	Sigurvin Lárus Jónsson				
	Forráðam. - <u>692 7217</u>				
Námsgrein Gítar	Kennari	Áfangi Miðn	Deild ---	Stig 1	Ath Vikud
Elisa Nímet Valdimarsdóttir					
	<u>elisa.nimet@gmail.com</u>				
12 ára	091105 3810	Ótílg. skóli	Nem - <u>866 9309</u>	Sími2 - <u>665 7610</u>	
Gr	Valdimar Tryggvason				
	<u>Senda Tölvupóst</u> Forráðam. - <u>665 7610</u>				
Námsgrein Gítar	Kennari	Áfangi Grunn	Deild ---	Stig 1	Ath Vikud

<u>Emilía Embla Ragnarsdóttir</u>			<u>anna@finefish.is</u>	Kambavaði 1	110 Reykjavík Reykjavík
09 ára	030809 3510		Nem - <u>899 8260</u>	Sími2 - <u>567 8260</u>	
Gr	Helga Sif Róbertsdóttir		<u>Senda Tölvupósti</u>	<u>Forráðam. - 699 8266</u>	
Námsgrein Planó	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig Hlutf Fjarv 1	Ath
<u>Hilmir Ögmundsson</u>			<u>liljaros@gmail.com</u>	Kleifarsel 14	109 Reykjavík Reykjavík
08 ára	160210 2570		Nem - <u>864 2766</u>	Sími2 - <u>899 4140</u>	
Gr	Lilja Rós Agnarsdóttir		<u>Senda Tölvupósti</u>	<u>Forráðam. - 864 2766</u>	
Námsgrein Planó	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig Hlutf Fjarv 1	Ath
<u>kolbrún camilla breckmann</u>			<u>karentara112@gmail.com</u>	Dvergabakki 36	109 Reykjavík Reykjavík
10 ára	291207 2270		Nem - <u>841 6548</u>		
Gr	Karen Tara Steinþórsdóttir		<u>Senda Tölvupósti</u>	<u>Forráðam. - 841 6548</u>	
Námsgrein Úkulele	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig Hlutf Fjarv 1	Ath
<u>María E. Bragadóttir</u>			<u>eyglot@gmail.com</u>	Kaldasel 10	109 Reykjavík Reykjavík
11 ára	020906 2270	Ótilgr. skóli	Nem - <u>788 0209</u>	Sími2 - <u>868 1072</u>	
Gr	Eygló Tómasdóttir		<u>Senda Tölvupósti</u>	<u>Forráðam. - 868 1072</u>	
Námsgrein Planó	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig Hlutf Fjarv 1	Ath
<u>Pranaya</u>			<u>Keshupra3@gmail.com</u>	Rjúpufell 25	111 Reykjavík Reykjavík
10 ára	010408 3260		Nem - <u>822 5649</u>	Sími2 - <u>751 2072</u>	
Gr	Maya		<u>Senda Tölvupósti</u>	<u>Forráðam. - 822 5649</u>	
Námsgrein Hljómborð	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig Hlutf Fjarv 1	Ath
<u>Rafael Róbert Ásgeirsson</u>			<u>emabara@simnet.is</u>	Árvað 1	110 Reykjavík Reykjavík
13 ára	110205 2440	Ótilgr. skóli	Nem - <u>859 9499</u>	Sími2 - <u>567 7499</u>	

Gr	Erna Bára Magnúsdóttir	<u>Senda Tölvupóst</u>	Forráðam. - 859 9499						
	Ásgeir Reynar Bragason	<u>Senda Tölvupóst</u>	Forráðam. - 899 7431						
Námsgrein Rafgítar	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig	Hlutf	Fjarv	Vikud	Ath	
					1				Benti á að fara í TLSK Árbæ
<u>Rebekka Rós Kristínardóttir</u>					<u>Kristingudrun@gmail.com</u>			Engjasel 69	109 Reykjavík Reykjavík
10 ára	030508 2110			Nem	- 846 8886				
Gr	Kristín Gunnarsdóttir	<u>Senda Tölvupóst</u>	Forráðam - 846 8886						
Námsgrein Gítar	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig	Hlutf	Fjarv	Vikud	Ath	
					1				
<u>Rut</u>					<u>Hallíoli@gmail.com</u>			Fífusel 18	109 Reykjavík Reykjavík
07 ára	020511 2650			Nem	- 698 7534	Sími2 - 571 7534			
Gr	Haraldur	<u>Senda Tölvupóst</u>	Forráðam. - 822 4180						
Námsgrein Gítar	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig	Hlutf	Fjarv	Vikud	Ath	
					1				
<u>Tómas Gauti Óttarsson</u>					<u>ottargauti@simnet.is</u>			Vesturas 34	110 Reykjavík Reykjavík
16 ára	250302 2580	Ótígr. skóli		Nem	- 898 3024	Sími2 - 852 2464			
Gr	Elin Gunnarsdóttir	<u>Senda Tölvupóst</u>	Forráðam. - 898 3024						
Námsgrein Hljómborð	Kennari	Áfangi Grunn	Deild	Stig	Hlutf	Fjarv	Vikud	Ath	
					1				

Tónskóli Eddu Borg

Nafn	Kennitala	Námsgreinar	Nám	Núverandi grunnskóli og bekkur
Ólafur Grétar Vilhelmsson	230408-2380	Píanó	Grunnmám	Öðuselsskóli
Hjalti Páll Vilhelmsson	071209-4150	Trommur	Grunnmám	Öðuselsskóli
Ísabella Kjartansdóttir	060111-2430	Ukulele	Fomám	Hlíðaskóli
Stella Björk Aradóttir	110811-2250	Forskóli	Fomám	Seljaskóli 1. bekkur
Kristín Ingibjartsdóttir	010811-2600	Klassískt píanó	Fomám	Seljaskóli 1 bekkur
Guðmundur A. guðmundsson	240307-2510	Píanó	Fomám	Melaskóli 5. bekkur
Julia Elín Ofure Sverrisson	060111-4130	Píanó	Fomám	Öðuselsskóli - 1. bekkur
Freydis Katla Sveinsdóttir	250208-3240	Hljómborð	Fomám	Ísaksskóli 5.bekkur
Eva Rós Halldórsdóttir	290110-3430	Söngur	Grunnmám	Seljaskóli 2. bekkur
Völundur Ingi Steen Bjarnason	250209-2310	Þverflauta	Grunnmám	Öðuselsskóli
Völundur Ingi Steen Bjarnason	250209-2310	Píanó	Fomám	Öðuselsskóli
Mikael Ami Rafaelsson	080707-3470	Píanó	Grunnmám	Öðuselsskóli 5.bekkur
Erla Björk Gunnarsdóttir	081277-3119	Gítar	Fomám	
Erla Björk Gunnarsdóttir	081277-3119	Hljómborð	Fomám	
Köfnna S. Arthursdóttir	270910-6020	Hljómborð	Fomám	Seljaskóli 2. Bekkur
Hallur Karl Arthursson	050907-4060	Hljómborð	Fomám	Seljaskóli 5 Bekkur
Vignir Örn Sigþórsson	141278-5179	Gítar	Grunnmám	
Askur Emil Jónsson	160510-2260	Gítar	Grunnmám	Öðuselsskóli
Arna Fanney Árnadóttir	231111-2550	Forskóli	Fomám	Seljaskóli, 1.bekkur
Halldór Luis Arason Palmaröla	271106-4240	Barítonhorn	Grunnmám	Melaskóli 6AG
Þorkell Þorni Þh. Þrastarson	090911-2280	Slagverk	Fomám	Breiðagerðisskóli - 1 bekk
Pálína Ósk Lárusdóttir Brown	150582-3349	Gítar	Fomám	
Birna Ragnheiður Bjarkadóttir	210809-2950	Hljómborð	Grunnmám	Seljaskóli
Sigurður Þór Hauksson	250211-3410	Ukulele	Fomám	Breiðholtsskóli 3. LT
Arí Kristján Liljuson	210106-2780	Fíðla	Grunnmám	Artúnsskóli 1. bekkur
Kolbrún Júlía Gunnarsdóttir	141176-3829	Suzuki selló	Grunnmám	Seljaskóli 6.bekkur
Emil Ami Vilbergsson	220278-2049	Gítar	Fomám	
Ronald Surban Fátalla	041111-2240	Forskóli	Fomám	Seljaskóli 1. bekkur
Hafdis Ósk Hafþórsdóttir	150108-2680	Söngur	Grunnmám	Seljaskóli
Abena Kristín Dýrhljóð	200311-2480	Píanó	Fomám	1.bekkur Seljaskóli
Tinna María Jóhannsdóttir	180210-4150	Fíðla	Fomám	Seljaskoli
Adam Eli Halsteinsson	130807-2160	Gítar	Fomám	5. bekkur, Seljaskóli
Adam Eli Halsteinsson	130807-2160	Gítar	Fomám	5. bekkur, Seljaskóli
Rafael Soares Ladeira	170308-2200	Klassískur gítar	Fomám	
Stefán Örn Runólfsson	270710-2390	Gítar	Fomám	Seljaskóli
Jason Thomas Slade	120777-2899	Trompet	Grunnmám	Skogmo skole, jessheim, Noregi
Jason Thomas Slade	120777-2899	Kontrabassi	Grunnmám	
Hilmir Ögmundsson	160210-2570	Píanó	Fomám	Seljaskóli 2. bekkur
Þórhildur Steinunn Björnsdóttir	301012-2170	Suzuki selló	Grunnmám	Öðuselsskóli
Þórhildur Steinunn Björnsdóttir	301012-2170	Hljómborð	Fomám	Öðuselsskóli
Karen Eva Harðardóttir	080312-2290	Blökkflauta	Grunnmám	Hólabrekkuskóla
Halla Dögg Siliudóttir	040214-2400	Suzuki selló	Fomám	
Alexander Þór Hjaltason	181111-3990	Trommur	Fomám	Breiðholtsskóli
Alexander Þór Hjaltason	181111-3990	Ukulele	Fomám	Breiðholtsskóli
Emma Karen Árnadóttir	041209-3640	Blökkflauta	Fomám	Háaleitisskóli Hvassaleiti
Emma Karen Árnadóttir	041209-3640	Þverflauta	Fomám	Háaleitisskóli Hvassaleiti
Ilmur Myrra Steinarsdóttir	251004-2420	Píanó	Fomám	Ingunnarskóli
Klara Björnsdóttir	230208-3010	Fíðla	Fomám	Seljaskoli.
Ragna Björnsdóttir	270910-4240	Píanó	Fomám	Seljaskoli.
Hrafnielli Tumi Ólafsson	050809-3070	Rafgítar	Fomám	Hlíðaskóli 4. bekkur

Borgarráð
6. september 2018

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna móttaka og viðburða

Hver er kostnaður borgarinnar af hinum ýmsu móttökum og öðrum hátíðarviðburðum tengdum borginni? Borgarfulltrúa Flokks fólksins leikur forvitni á að vita heildarútgjöld borgarinnar vegna viðburða af þessu tagi og nægir að upplýsa um árið 2017 og það sem af er 2018.

Borgarráð
13. september 2018

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu með Vináttuverkefni Barnaheilla

Fjölmargir leikskólar vinna með Vináttuverkefni Barnaheilla í starfi sínu. Einn grunnskóli vinnur með Vináttuverkefnið sem tilraunaverkefni. Spurt er: Bíður borgin þeim leik- og grunnskólum sem óska eftir að vinna með verkefnið að greiða kostnað við verkefnið, t.d. námskeið fyrir leikskólakennara og/eða starfsfólk og efni: töskur, bangsa og bækur, að hluta til eða öllu leyti? Ef að hluta til, hversu stór hluti er það?

Greinargerð:

Upplýsingar um Vináttu tekið af vef Barnaheilla: Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum á leik- og grunnskólaaldri og foreldrum þeirra sem og námskeiðum fyrir kennara. Efnið er danskt að uppruna og heitir á frummálinu Fri for mobberi. Það er þýtt, staðfært og gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku. Frá árinu 2014 hefur Vinátta staðið leikskólum á Íslandi til boða. Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og hefur Vinátta breiðst hratt út hér á landi og var í byrjun árs 2018 notað í um 40% íslenskra leikskóla. Rannsóknir í Danmörku hafa leitt í ljós mjög góðan árangur af notkun Vináttu og þau börn sem eru í skólum þar sem unnið er með efnið sýna meiri samhygð gagnvart hvert öðru.

Nú hafa Barnaheill einnig gefið út efni fyrir 1.–3. bekk grunnskóla og verður unnið með það í tilraunaskyni í 15 grunnskólum í sex sveitarfélögum veturinn 2017–2018. Í framhaldi af þeirri vinnu mun það efni standa öllum grunnskólum til boða. Haustið 2018 er gert ráð fyrir að efni verði einnig í boði fyrir 0–3ja ára börn í leikskólum og hjá dagforeldrum.

Auk Íslands og Danmörku er námsefnið einnig í notkun í Eistlandi, Færeyjum og á Grænlandi.

Borgarráð
13. september 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að leyfa dýrahald í félagslegu húsnæði í eigu borgarinnar

Lagt er til að borgarráð samþykki að leyfa hunda- og kattahald í félagslegu húsnæði í eigu borgarinnar. Leyfið er háð þeim skilyrðum að ef um sameiginlegan inngang eða stigagang er að ræða er hunda- og kattahald háð samþykki 2/3 hluta eigenda. Ef um sérinngang er að ræða er gæludýrahaldið leyfilegt. Þetta er í samræmi við Samþykkt um hundahald í Reykjavík dags. 16. maí 2012.

Greinargerð:

Ekkert getur komið í stað tengsla við aðra manneskju en gæludýr getur uppfyllt þörf fyrir vináttu og snertingu. Gæludýr þar með talið hundar og kettir eru hluti að lífi fjölmargra og skipa stóran tilfinninga- og félagslegan sess í hjörtu eigenda þeirra. Öll þekkjum við ýmist persónulega eða hjá vinum og vandamönnum hvernig gæludýr geta dimmu í dagsljós breytt, ekki síst hjá þeim sem eru einir og einmanna. Átakanleg eru þau fjölmörgu tilvik þar sem fólk hefur orðið að láta frá sér hundana sína vegna þess að þeir eru ekki leyfðir í félagslegum íbúðum á vegum borgarinnar.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á góð áhrif af umgengni manna við dýr. Rannsóknir sýna að umgengni við dýr eykur tilfinningalega og líkamlega vellíðan og eykur m.a. sjálfstraust, einbeitingu, athygli og minnkar streituviðbrögð. Dýr veita einstaklingnum vinskap, líkamlega snertingu og sýnir áhuga og væntumþykju án nokkurra skilyrða. Ást til gæludýrsins síns getur verið djúpstæð. Hundar og kettir sem dæmu eru oft hluti af fjölskyldunni. Sú sorg sem nístir þegar gæludýr fellur frá eða aðskilið frá eiganda sínum þekkjum við mörg, ef ekki af eigin reynslu þá annarra. Að banna gæludýr eins og hunda og ketti í félagslegu húsnæði borgarinnar er ómanneskjulegt og ástæðulaust.

Borgarráð
13. september 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um lækkun leiguverðs hjá félagsbústöðum

Lagt er til að Reykjavíkurborg sjái beint um innheimtu vangoldinna gjalda borgarbúa, í stað þess að styðjast við milliinnheimtu fyrirtækja á borð við greiðslu- og innheimtubjónustunnar Momentum og Gjaldheimtuna ehf. Miðað við núverandi samninga Reykjavíkurborgar sinna þessi tvö fyrirtæki innheimtu fyrir Reykjavíkurborg þar sem kröfuhafinn ber engan kostnað af milliinnheimtu. Innheimtufyrirtæki leggja hlutfallslega há gjöld á skuldir og eru margir ófærir um að greiða töluverðar upphæðir sem myndast vegna innheimtu. Innheimtufyrirtækin græða því á skuldavanda og neyð fólks sem ýtir mörgum enn lengra í skuldafen og vítahring sem erfitt er að komast út úr. Því er lagt til að Reykjavíkurborg sjái beint um innheimtu þar sem leitast er við að halda auka kostnaði fyrir borgarbúa í lágmarki þar sem áhersla er lögð á að innheimtan njóti ekki hagnaðar af skuldavanda borgarbúa. Lagt er til að hugmyndafræði innheimtu verði endurskoðuð þar sem leitast er við að mæta einstaklingnum á þeim stað sem hann er á, í stað þess að styðjast við harkarlegar aðferðir núverandi innheimtuaðferða sem eru gjarnan í formi gjaldhækkunar sem einstaklingar ráða ekki við. Lagt er til að viðmót innan innheimtu Reykjavíkurborgar verði aðlöguð að þörfum notenda þar sem ferlið verði gert aðgengilegra og hlýlegra en finna má innan núverandi innheimtufyrirtækja og boðið verði upp á fleiri leiðir til að gera upp skuldir.

Greinargerð:

Skuldir einstaklinga við Reykjavíkurborg lenda á borði innheimtufyrirtækja sem rukka ýmis gjöld fyrir starfsemi sína. Kostnaður sem lagður er á greiðendur gerir einstaklingum sem eru nú þegar komin í skuld mjög erfitt fyrir og leiðir jafnvel til þess að einstaklingar geri síður upp skuld sína. Reykjavíkurborg greiðir ekkert fyrir að koma skuldum einstaklinga til þessara einkahlutafélaga sem græða á skuldavanda borgarbúa. Hugmyndafræði innheimtufyrirtækja miðar að því að koma öllum kostnaði af innheimtu yfir á þann sem stendur í skuld og ýtir því frekar undir að einstaklingar festist í fátækrargildru sem erfitt er að komast út úr. Með aukinni gjalddöku græða innheimtufyrirtæki því á vanda fólks. Með því að færa þessa starfsemi beint undir Reykjavíkurborg sem leitist við að halda aukakostnaði í lágmarki fyrir borgarbúa, mætti auðveldlega hverfa frá þeirri braut að innheimtufyrirtæki græði á skuldavanda borgarbúa. Þar að auki geti Reykjavíkurborg útfært notendavænni aðferðir við innheimtu, þar sem boðið er upp á ólíkar leiðir til að gera upp skuld.

Frá Samtökum tónlistarskólastjóra í Reykjavík - STÍR

Reykjavík 14. 8.2018

Erindi til borgarráðs Reykjavíkurborgar vegna ákvæðis um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum tónlistarskóla 2017-2018 og 2018-2019

Nýlega barst stjórnendum tónlistarskóla bréf frá Reykjavíkurborg þar sem óskað var eftir framvísun ársreikninga ársins 2017. Þar kom fram að framvegis skuli þeir reikningar vera endurskoðaðir samkvæmt ákvæði í þjónustusamningum starfsársins.

Stjórnendur í skólunum hafa komið að máli við stjórn Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík og lýst yfir áhyggjum vegna þess kostnaðar sem slík endurskoðun löggilds endurskoðanda kostar.

Stjórn samtakanna fundaði um málið í dag og fór yfir málefnið. Stjórnarmeðlimum var í fersku minni fundur með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninga í maí síðastliðnum sem haldinn var í Austurbæ. Þar mættu fulltrúar fyrrverandi og núverandi meirihluta í borginni og náðust góðar samræður um málefni skólanna, fagleg sem fjárhagsleg.

Eitt af áhyggjuefnum stjórnenda skólanna hefur lengi verið hvernig rekstrarumhverfi skólanna verður sífellt erfiðara. Að sama skapi lýstu margir frambjóðendur, á þá ekki síst fulltrúar meirihlutans yfir áhyggjum yfir þeim aðstöðumun sem tónlistarnemum í höfuðborginni búa við, t.d. hvað varðar há skólagjöld. Skólagjöldunum er ætlað að mæta kostnaði við rekstur skólanna en framlög borgarinnar og jöfnunarsjóðs er að sama skapi ætlað að greiða launakostnað.


Síðustu ár hefur þó ítrekað komið upp sú staða að greiðslur hafa ekki hrokkið fyrir nefndum launakostnaði, sérstaklega á efri stigum sem greiddar eru af jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þetta hefur veikt fjárhagsstöðu skólanna og hefur verið mætt með hækkun skólagjalda og niðurskurði. Einnig hafa margir skólar glímt við hækkun á leigu og ljóst að fastur kostnaður í rekstri, eins og leiga, laun skrifstofufólks og annar kostnaður hefur íþyngt tónlistarskólunum í Reykjavík. Nú bætist við kostnaður vegna endurskoðunnar sem gæti að jafnaði verið allt að einni milljón króna fyrir hvern skóla.

Einnig hefur nú verið bundið í lög að hlutur atvinnurekanda í lífeyrissjóðsgreiðslum hefur hækkað og við það bætist að ekki er fylgni milli launahækkanna tónlistarkennara og framlögum ríkis til jöfnunarsjóðs til handa tónlistarskólunum.

Þegar allt þetta safnast saman er ljóst að aukinn kostnaður sem fylgir því að endurskoðun ársreikninga verður skylda mun aðeins fást greiddur hjá skólunum með auknum álögum á nemendur eða foreldra þeirra, þ.e. hækkun á skólagjöldum.

Stjórn STÍR minnst umræðna um nauðsyn þess að lækka skólagjöld tónlistarskóla í borginni á áðurnefndum fundi en því miður mun framkvæmd þess nýja ákvæðis í þjónustusamningum aðeins verða til að hækka skólagjöld tónlistarnema enn frekar. Af þeim ástæðum óskum við í stjórn STÍR eftir því við borgarráð falli frá kröfu um endurskoðun ársreikninga í þjónustusamningum. Óskin nær til Reykjavíkurborgar (v/ grunnstigs og miðstigs) en snýr einnig að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (v /miðstigs í söng, framhaldsstigs og tónlistarnáms á háskólastigi).

Þar sem málið er aðkallandi og þegar hefur verið óskað eftir ársreikningunum frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs óskum við eftir skjótum viðbrögðum.



Gunnar Guðbjörnsson,

Skólastjóri Söngskóla Sig. Demetz og formaður STÍR – Samtaka tónlistarskólastjóra í Reykjavík

gunnar@songskoli.is - s. 6634239

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2018

Varðar: Árshlutareikning SORPU bs., janúar – júní 2018

Mæðfylgjandi er árshlutareikningur SORPU bs. janúar – júní 2018 sem stjórn byggðasamlagsins staðfesti á stjórnarfundum þann 17. ágúst 2018.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Árshlutareikningur

SORPA bs.

Janúar – júní 2018



Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur janúar – júní 2018	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi janúar – júní 2018	7
Skýringar	8
Fylgigögn með árshlutareikningi 2018	16

Stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, stjórnarformaður

Líf Magneudóttir, varaformaður

Ágúst Bjarni Garðarsson

Bjarni Torfi Álfþórsson

Jóna Sæmundsdóttir

Kolbrún Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Björn Hafsteinn Halldórsson

Kjörnir endurskoðendur

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Aðalstarfsemi SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs.

Árshlutareikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samlagsins 236,7 millj. kr. á tímabilinu. Eigið fé samlagsins í lok tímabils nam um 2.857,8 millj. kr. en nam um 2.621,1 millj. kr. í byrjun tímabils. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings varðandi fjárhagsstöðu samlagsins og rekstur þess á liðnu tímabili.

Ársverk hjá samlaginu voru 110 og launagreiðslu samlagsins námu um 433,7 millj. kr. á tímabilinu.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning samlagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. ágúst 2018

Stjórn SORPU bs.:

T Birkir Jón Jónsson
Stjórn
Stjórn
Jóna Þorvaldsdóttir
Kalbrin G. Þorsteinss
Bjarni Tassi

Framkvæmdastjóri:

Jon A. Gudnason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda SORPU bs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning SORPU bs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 17. ágúst 2018

Grant Thornton endurskoðun ehf.


Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar – júní 2018

Rekstrartekjur

Þjónustutekjur.....		2.063.041.468	1.793.151.441	3.736.013.688
Aðrar tekjur.....		8.487.568	2.210.576	4.012.198
	3	<u>2.071.529.036</u>	<u>1.795.362.017</u>	<u>3.740.025.886</u>

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld.....	15	574.429.965	517.594.181	1.064.558.291
Rekstrarkostnaður.....		1.159.697.194	961.545.749	2.102.731.377
Afskriftir.....	2,6	96.624.247	79.745.304	164.255.671
	4	<u>1.830.751.406</u>	<u>1.558.885.234</u>	<u>3.331.545.339</u>

Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		240.777.630	236.476.783	408.480.547
---	--	-------------	-------------	-------------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	5	(4.098.168)	(2.738.516)	18.138.660
Áhrif hlutdeildarféлага.....		0	0	1.016.105
		<u>(4.098.168)</u>	<u>(2.738.516)</u>	<u>19.154.765</u>

Hagnaður ársins.....		<u>236.679.462</u>	<u>233.738.267</u>	<u>427.635.312</u>
----------------------	--	--------------------	--------------------	--------------------

Efnahagsreikningur

Eignir

Skýr 1/1-30/6/2018 1/1-30/6/2017 2017

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

2, 6

Gufunes móttökustöð.....	261.926.187	294.799.993	282.938.286
Álfsnes urðunarstöð.....	1.049.879.416	659.139.765	917.197.947
Gufunes vélar og tæki.....	459.516.961	299.970.550	399.425.165
Endurvinnslustöðvar.....	433.357.350	433.662.258	427.435.931
	<u>2.204.679.914</u>	<u>1.687.572.566</u>	<u>2.026.997.329</u>

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutir í öðrum félögum.....	7	24.806.948	23.790.843	24.806.948
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	8	226.159.299	0	287.240.674
Bundnar bankainnstæður.....		73.375.852	60.543.818	67.058.306
		<u>324.342.099</u>	<u>84.334.661</u>	<u>379.105.928</u>

Fastafjármunir

2.529.022.013 1.771.907.227 2.406.103.257

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:

Viðskiptakröfur.....	2	351.709.723	214.874.551	212.342.216
Aðrar kröfur.....		12.519.055	4.179.514	116.236
Kröfur á tengd félög.....	16	176.321.583	200.419.342	162.451.158
Fyrirframgreiddur kostnaður.....	8	147.386.433	420.941.897	169.263.109

Handbært fé:

2

Bankainnstæður.....	752.965.255	857.530.695	909.776.937
---------------------	-------------	-------------	-------------

Veltufjármunir

1.440.902.049 1.697.945.999 1.453.949.656

Eignir samtals

3.969.924.062 3.469.853.226 3.860.052.913

30. júní 2018

Skuldir og eigið fé

Eigið fé	Skýr	1/1-30/6/2018	1/1-30/6/2017	2017
Stofnfé.....	9	336.962.569	336.962.569	336.962.569
Óráðstafað eigið fé.....		<u>2.520.843.104</u>	<u>2.090.266.597</u>	<u>2.284.163.642</u>
Eigið fé samtals	10	<u><u>2.857.805.673</u></u>	<u><u>2.427.229.166</u></u>	<u><u>2.621.126.211</u></u>
Skuldbindingar				
Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað..	12	76.294.846	63.081.373	69.729.316
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva.....	13	<u>253.369.788</u>	<u>227.643.148</u>	<u>241.087.714</u>
Skuldbindingar		<u><u>329.664.634</u></u>	<u><u>290.724.521</u></u>	<u><u>310.817.030</u></u>
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir.....	11	<u>226.625.502</u>	<u>231.283.669</u>	<u>268.962.248</u>
		<u><u>226.625.502</u></u>	<u><u>231.283.669</u></u>	<u><u>268.962.248</u></u>
Skammtímaskuldir:				
Viðskiptaskuldir.....		234.162.292	249.541.829	211.693.510
Skuldir við tengda aðila.....		20.989.191	0	189.113.460
Ýmsar skammtímaskuldir.....		212.360.758	194.008.055	169.988.609
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	11	<u>88.316.012</u>	<u>77.065.986</u>	<u>88.351.845</u>
Skammtímaskuldir		<u><u>555.828.253</u></u>	<u><u>520.615.870</u></u>	<u><u>659.147.424</u></u>
Skuldir samtals		<u><u>1.112.118.389</u></u>	<u><u>1.042.624.060</u></u>	<u><u>1.238.926.702</u></u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u><u>3.969.924.062</u></u></u>	<u><u><u>3.469.853.226</u></u></u>	<u><u><u>3.860.052.913</u></u></u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar.....	14			

Sjóðstreymi janúar – júní 2018

Handbært fé frá (til) rekstri	Skýr.	1/1-30/6/2018	1/1-30/6/2017	2017
Frá rekstri:				
Hagnaður af reglulegri starfsemi		236.679.462	233.738.267	427.635.312
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	2, 6	96.624.247	79.745.304	164.255.671
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna.....		0	(71.286)	92.342
Áhrif hlutdeildarféлага.....	7	0	0	(1.016.105)
Veltufé frá rekstri		<u>333.303.709</u>	<u>313.412.285</u>	<u>590.967.220</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum				
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....		(82.682.700)	(211.280.758)	(202.278.847)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		<u>(103.283.334)</u>	<u>13.874.559</u>	<u>141.302.416</u>
Breytingar á rekstrar. eignum og skuldum		<u>(185.966.034)</u>	<u>(197.406.199)</u>	<u>(60.976.431)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>147.337.675</u>	<u>116.006.086</u>	<u>529.990.789</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfest í Gufunesi.....	6	(108.043.239)	(45.344.188)	(193.995.817)
Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun.....	6	(160.342.177)	(114.322.400)	(396.529.856)
Fjárfest í endurvinnslustöðvum.....	6	(15.443.032)	(477.915)	(1.675.397)
Söluverð fastafjármuna.....		1.500.000	900.000	1.434.000
Breyting langtímakrafna.....		0	0	0
Breyting bundinna innstæðna.....		<u>(6.317.546)</u>	<u>(4.701.881)</u>	<u>(10.055.327)</u>
Fjárfestingahreyfingar		<u>(288.645.994)</u>	<u>(163.946.384)</u>	<u>(600.822.397)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Ábyrgðagjald v/urðunarstaða.....	12	6.565.530	4.945.383	10.432.284
Ný langtímalán.....		0	6.325.000	91.864.078
Greiddar afborganir langtímalána.....		<u>(44.812.271)</u>	<u>(36.725.909)</u>	<u>(74.684.496)</u>
Breyting á skuldbindingum endurvinnslustöðva...		<u>22.743.378</u>	<u>21.593.171</u>	<u>43.663.331</u>
		<u>(15.503.363)</u>	<u>(3.862.355)</u>	<u>71.275.197</u>
Hækkun(lækkun) á handbæru fé.....		(156.811.682)	(51.802.653)	443.589
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>909.776.937</u>	<u>909.333.348</u>	<u>909.333.348</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>752.965.255</u>	<u>857.530.695</u>	<u>909.776.937</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Fyrirtækið er skráð undir nafninu SORPA bs. í fyrirtækjaskrá og þjóðskrá.

Byggðasamlagið heitir SORPA bs. sem stendur fyrir Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins byggðasamlag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Árshlutareikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum samlagsins að meta ýmsa liði árshlutareikningsins. Matsaðferðirnar byggja á góðri reikningsskilavenju. Endanlega niðurstaða sem verður við innlausn eða sölu þeirra liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samlagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð árshlutareiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum árshlutareiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabilsins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar í árshlutareikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinning af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samlaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Gufunes, móttökustöð	5 - 25 ár
Álfsnes	5 - 10 ár
Vélar og tæki	5 - 9 ár
Endurvinnslustöðvar	0 – 25 ár

Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigðu eignum færast yfir til samlagsins, eru flokkaðar sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi eru eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

Eignarhlutir í félögum

SORPA bs. á 100% eignarhlut í Metan ehf. Ekki er færð hlutdeild í tekjum tímabilsins. Ekki eru gerð samstæðureikningsskil þar sem það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar sbr. 70. gr. laga nr. 3/2006.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna nam 6,0 millj. kr. í lok tímabilsins. Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu námu 930 þús. kr.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur sundurliðast þannig:

	1/1-30/6/2018	1/1-30/6/2017	2017
Móttökugjöld.....	1.548.943.216	1.405.407.818	2.930.074.577
Endurvinnsluafurðir.....	351.337.499	263.657.960	544.299.199
Endurvinnslustöðvar.....	615.154.582	513.397.417	1.073.642.100
Grenndargámar.....	25.952.818	21.023.625	47.252.080
Útseld þjónusta.....	30.987.482	28.785.749	62.675.978
Aðrar tekjur.....	8.487.568	2.210.576	4.012.198
Nytjamarkaður.....	153.470.818	171.332.427	347.083.081
Vinna milli deilda - eigin not.....	(662.804.948)	(610.453.555)	(1.269.013.327)
	<u>2.071.529.036</u>	<u>1.795.362.017</u>	<u>3.740.025.886</u>

Rekstrargjöld

4. Rekstrargjöld sundurliðast þannig:

	1/1-30/6/2018	1/1-30/6/2017	2017
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður.....	99.669.559	107.617.468	217.044.589
Þróunar, tækni og fræðsludeild.....	75.576.682	52.609.698	137.590.832
Móttöku- og urðunarkostnaður.....	1.523.098.406	1.301.072.640	2.773.851.051
Grenndargámar.....	25.952.818	21.023.625	47.252.080
Rekstur útleigðs húsnæðis.....	1.654.813	2.285.514	4.094.933
Nytjamarkaður.....	152.449.494	171.332.427	347.083.081
Rekstur endurvinnslustöðva.....	615.154.582	513.397.417	1.073.642.100
Vinna milli deilda - eigin not.....	(662.804.948)	(610.453.555)	(1.269.013.327)
	<u>1.830.751.406</u>	<u>1.558.885.234</u>	<u>3.331.545.339</u>

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

	1/1-30/6/2018	1/1-30/6/2017	2017
Vaxtatekjur og verðbætur.....	1.062.092	785.748	26.180.488
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(5.148.758)	(3.099.403)	(8.623.317)
Gengismunur.....	(11.502)	(421.861)	581.489
	<u>(4.098.168)</u>	<u>(2.735.516)</u>	<u>18.138.660</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

<i>fjárhæðir í þús. kr.</i>	Gufunes móttökustöð	Álfnes urðunarstöð svæðisáætlun	Gufunes vélar og tæki	Endurvinnslu- stöðvar	Samtals
Heildarverð 1.1.2018.....	1.017.978	1.553.663	1.004.649	614.414	4.190.704
Afskrifað áður.....	(735.040)	(636.465)	(605.224)	(186.978)	(2.163.707)
Bókfært verð í upphafi árs....	282.938	917.198	399.425	427.436	2.026.997
Viðbót á tímabilinu.....	211	160.342	107.832	15.443	283.828
Selt og niðurlagt á tímabilinu.	0	0	0	(1.500)	(1.500)
Afskrifað á tímabilinu.....	(21.223)	(27.661)	(47.740)	(8.022)	(104.646)
Bókfært verð 30.06.2018.....	261.926	1.049.879	459.517	433.357	2.204.680
Afskriftarhlutföll 6 mán.....	4-20%	10-20%	12-25%	0-4%	
Afskriftir færast eftirfarandi:					
Í rekstur.....					96.624
Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva.....					8.022
					<u>104.646</u>

Opinbert mat fasteigna í júní 2018 skiptist þannig í þús. kr.:

	Fasteignamat 30/6/2018	Brunabótamat 30/6/2018	Bókfært virði 30/6/2018
Gufunes, móttökustöð.....	1.142.460	1.584.200	261.926
Annað.....	231.125	157.320	1.942.754
	<u>1.373.585</u>	<u>1.741.520</u>	<u>2.204.680</u>

Vátryggingarverð véla og tækja byggðasamlagsins nam 2.182,9 millj. kr. samkvæmt mati tryggingafélagsins.

Eignarhlutir í öðrum félögum

7. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf.....	100%	47.000.000	24.806.948
		<u>47.000.000</u>	<u>24.806.948</u>

Fyrirframgreiddur kostnaður

8. REIN20 var tekin í notkun í lok árs 2017. Á tímabilinu voru gjaldfærðar 72 millj. kr. vegna urðunar í reinina. Eftirstöðvar fyrirframgreidds kostnaðar vegna reinarinnar er 373,5 millj. kr. verður gjaldfærður eftir notkun næstu ár.

Áætluð dreifing greinist þannig á næstu ár:

	Samtals
01.07.18-30.06.19.....	147.386.433
01.07.19-30.06.20.....	113.079.649
01.07.20-30.06.21.....	113.079.649
	<u>373.545.731</u>

Eigið fé

9. Stofnfé sundurliðast þannig:

	Eignar - hluti	Stofnfé 30.6.2018
Reykjavíkurborg	66,7%	224.723.250
Kópavogur.....	11,3%	38.037.800
Hafnarfjörður.....	10,7%	36.059.363
Garðabær.....	5,5%	18.456.102
Mosfellsbær.....	3,0%	10.145.453
Seltjarnarnes.....	2,8%	9.540.601
	<u>100,0%</u>	<u>336.962.569</u>

10. Breytingar á eigin fé SORPU bs. greinast þannig:

	Stofnfé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018.....	336.962.569	2.284.163.642	2.621.126.211
Hagnaður tímabilsins.....	0	236.679.462	236.679.462
Eigið fé samtals 30.06.2018.....	<u>336.962.569</u>	<u>2.520.843.104</u>	<u>2.857.805.673</u>

Langtímaskuldir:

11. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vaxtakjör 30.6.2018	Eftirstöðvar 30.6.2018
Íslandsbanki.....	NVT 3,85%	69.028.412
Lánasjóður sveitarfélaga.....	NVT 2,45-3,45%	109.646.684
Eignaleigur.....	ÓVTR 6,0-6,35%	136.266.418
		<u>314.941.514</u>
Næsta árs afborgun langtímaskulda.....		(88.316.012)
		<u>226.625.502</u>

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Samtals
Skuldir vegna byggðasamlagsins.....	136.266.418
Skuldir vegna endurvinnslustöðva.....	178.675.096
	<u>314.941.514</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár.

	Samtals
1.7.2018 - 30.6.2019.....	88.316.012
1.7.2019 - 30.6.2020.....	83.406.304
1.7.2020 - 30.6.2021.....	55.838.280
1.7.2021 - 30.6.2022.....	38.728.440
1.7.2022 - 30.6.2023.....	29.013.405
Afborgun síðar.....	19.639.073
Langtímaskuldir alls.....	<u>314.941.514</u>

Skuldbindingar

12. Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 5,7 millj. kr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 76,3 millj. kr.

Húsaleiguskuldbinding SORPU bs. nemur 43,4 millj. kr. í lok tímabilsins.

13. Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun.....	427.435.931
Krafa á sveitarfélögin, vegna langtímalána endurvinnslustöðva, í ársbyrjun.....	(186.348.217)
Afskrift á tímabilinu.....	(8.021.612)
Vextir og uppreikningur langtímalána.....	(5.575.482)
Greiðslur frá sveitarfélögunum.....	25.623.471
Fjárfesting umfram lántöku.....	255.698
	<u>253.369.789</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig: 30.6.2018

Endurvinnslustöðvar í árslok.....	433.357.351
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva.....	(179.987.562)
	<u>253.369.789</u>

Skuldbindingin skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 1. desember 2017

Reykjavíkurborg.....	56,77%	143.838.029
Kópavogur.....	16,16%	40.944.558
Hafnarfjörður.....	2,06%	5.219.418
Garðabær.....	7,06%	17.887.907
Mosfellsbær.....	13,22%	33.495.486
Seltjarnarnes.....	4,73%	11.984.391
		<u>253.369.789</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

14. Sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

Eignir samlagsins eru ekki veðsettar aðrar en þær sem keyptar eru með fjármögnunarleigu, sjá skýringu 11.

Önnur mál

Laun og launatengd gjöld

15. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	1/1-30/6/2018	1/1-30/6/2017	2017
Laun.....	433.739.932	390.760.305	824.821.795
Stjórnarlaun.....	5.535.871	5.310.388	10.482.372
Launatengd gjöld.....	135.154.162	121.523.488	229.254.124
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>574.429.965</u>	<u>517.594.181</u>	<u>1.064.558.291</u>
Ársverk	110	108	111

16. Tengdir aðilar eru:

	Seld þjón. & vörur	Keypt þjón. & vörur	Kröfur	Skuldir
Eigendur og dótturfélög þeirra.....	795.635.471	65.806.034	165.644.888	20.378.241
Óuppgert vegna endurvinnslustöðva.....			8.844.505	
Óuppgert vegna grenndargáma.....			1.087.835	
Metan ehf. dótturfélag SORPU bs.....	3.164.064	2.933.778	744.355	610.950
	<u>798.799.535</u>	<u>68.739.812</u>	<u>176.321.583</u>	<u>20.989.191</u>

Fylgigögn með árshlutareikningi 2018

Fimm ára yfirlit samlagsins

17. Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr.):

Rekstur	2018	2017	2016	2015	2014
Rekstrartekjur.....	2.071.529	3.740.026	3.325.556	2.814.158	2.444.433
Rekstrargjöld.....	(1.734.127)	(3.167.290)	(2.775.873)	(2.271.244)	(2.148.451)
Hagnaður f. afskriftir.....	337.402	572.736	549.683	542.914	295.982
Afskriftir.....	(96.624)	(164.256)	(148.414)	(138.587)	(149.811)
Hagnaður f. fjárm. liði.....	240.778	408.480	401.269	404.327	146.171
Fjármagnsliðir.....	(4.098)	19.155	17.353	12.286	50.449
Hagnaður ársins.....	<u>236.679</u>	<u>427.635</u>	<u>418.622</u>	<u>416.613</u>	<u>196.620</u>

Efnahagur	2018	2017	2016	2015	2014
Fastafjármunur.....	2.529.022	2.406.103	1.694.433	1.518.360	1.417.420
Veltufjármunir.....	<u>1.440.902</u>	<u>1.453.950</u>	<u>1.538.468</u>	<u>1.199.321</u>	<u>889.931</u>
Eignir samtals.....	<u>3.969.924</u>	<u>3.860.053</u>	<u>3.232.901</u>	<u>2.717.681</u>	<u>2.307.351</u>
Eigið fé.....	2.857.806	2.621.126	2.193.491	1.774.869	1.358.256
Skuldbindingar.....	329.665	310.817	273.167	238.412	209.574
Langtímaskuldir.....	226.626	268.962	262.158	327.841	401.420
Skammtímaskuldir.....	<u>555.828</u>	<u>659.147</u>	<u>504.085</u>	<u>376.559</u>	<u>338.101</u>
Eigið fé og skuldir samtals.....	<u>3.969.924</u>	<u>3.860.052</u>	<u>3.232.901</u>	<u>2.717.681</u>	<u>2.307.351</u>

18. Kennitölur úr rekstri:

	2018	2017	2016	2015	2014
Veltufjárhlutfall.....	2,59	2,21	3,05	3,18	2,63
Eiginfjárhlutfall.....	71,99%	67,90%	67,85%	65,31%	58,87%
Arðsemi eigin fjár.....	8,64%	17,76%	21,10%	26,59%	15,61%
Skuldsetningarhlutfall.....	7,93%	10,26%	11,95%	18,47%	29,55%
Ársverk.....	110	111	107	98	94

BORGARRÁÐ 13. september 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna breytingar á vinnuaðstöðu borgarfulltrúa að Tjarnargötu 12 - R14010250

Hver er heildarkostnaður við að breyta sameiginlegri vinnuaðstöðu borgarfulltrúa á Tjarnargötu 12 sem var með 15 skrifborð yfir í núverandi aðstöðu með 15 skrifborð?

BORGARRÁÐ 13. september 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áhrif fasteignaverðs og fasteignagjalda á leiguverð félagsbústaða - R18090089

Óskað er eftir upplýsingum frá Félagsbústöðum um hver áhrif hækkandi fasteignaverðs annars vegar og fasteignagjalda borgarinnar hins vegar hafa á leiguverð leigjenda hjá Félagsbústöðum?

BORGARRÁÐ 13. september 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa um samskipti Reykjavíkurborgar við Félagsbústaði eftir álit umboðsmanns Alþingis - R18090090

Óskað er eftir afriti af samskiptum milli Félagsbústaða og velferðarsviðs frá því álit Umboðsmanns Alþingis 5544/2008 var birt.

BORGARRÁÐ 13. september 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heildarkostnað við endurbætur á steinbæ við Holtsgötu - R18090091

Hver er heildarkostnaður við endurbætur á framkvæmdum við endurbyggingu á tvöfalda steinbænum við Holtsgötu sem Reykjavíkurborg stendur að?



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir einstæða foreldra sem eru á biðlista eftir félagslegri íbúð - R18080055

Á fundi velferðarráðs þann 3. september 2018, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. ágúst 2018, þar sem svohljóðandi tillaga Sósíalistaflokks Íslands er send velferðarráði til meðferðar, sbr. 58. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018:

Lagt er til að að stofnað verði neyðarhúsnæði fyrir einstæða foreldra sem eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.


Greinargerð fylgir tillögunni.

Lagt var til að vísa tillögu til stýrihóps um mótun stefnu í þjónustu velferðarsviðs við heimilislausa og/eða fólk sem skilgreint hefur verið sem utangarðs.

Samþykkt samhljóða.

Erindið er hér með sent borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflakks Íslands um stofnun neyðarhúsnæðis fyrir einstæðinga, einkum ungt fólk sem er á biðlista eftir félagslegri íbúð - R18080056

Á fundi velferðarráðs þann 3. september 2018, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. ágúst 2018, þar sem svohljóðandi tillaga Sósíalistaflakks Íslands er send velferðarráði til meðferðar, sbr. 59. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018:

Lagt er til að að stofnað verði neyðarhúsnæði fyrir einstæðinga, einkum ungt fólk sem eru á biðlista eftir félagslegri íbúð.


Greinargerð fylgir tillögunni.

Lagt var til að vísa tillögu til stýrihóps um mótun stefnu í þjónustu velferðarsviðs við heimilislausa og/eða fólk sem skilgreint hefur verið sem utangarðs.

Samþykkt samhljóða.

Erindið er hér með sent borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Reykjavík, 4. september 2018
VEL2018080028
0.11.1

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að stýrihópur um þjónustustefnu á velferðarsviði hafi samráð við önnur svið sem málið varðar - R18080054

Á fundi velferðarráðs þann 3. september 2018, var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 27. ágúst 2018, þar sem svohljóðandi tillaga Flokks fólksins er send velferðarráði til meðferðar, sbr. 56. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018:

Lagt er til að stýrihópur um þjónustustefnu á velferðarsviði hafi samráð við önnur svið sem málið varðar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillaga dregin til baka.

Erindið er hér með sent borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri



Erindi frá Félagsráðgjafafélag Íslands: Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tekur gildi þann 1. október 2018.

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: R17050018

Bréfalyklar: 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni

Eigandi skjals: Fany Larota Catunta

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 10.09.2018

Dagsetning skjals: 07.09.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Félagsráðgjafafélag Íslands (430775 0229)

María Rúnarsdóttir, formaður

Borgartún 6

105 REYKJAVÍK

Skjalalykill	175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni	Málsnúmer	R17050018
Móttökudags.	07.09.2018	Skráð í GoPro	10.09.2018

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)		Fyrirtæki/stofnun	Félagsráðgjafafélag Íslands
Starfsmaður		Nafn	María Rúnarsdóttir, formaður
		Kennitala:	430775 0229
Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			

Sent:

Sent til:

Notandi: "Upplýsingar - Pósthólf Símmaver" <upplýsingar@reykjavik.is>

Dagsetning: 7.9.2018 12:30:35

Til: "Ráðhús skjalasafn" <radhus@reykjavik.is>

Efni: FS: Erindi frá Félagsráðgjafafélag Íslands: Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tekur gildi þann 1. október 2018.

Kær kveðja,

Sunna Þrastardóttir

Aðstoðarteymisstjóri

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Höfðatorg – Borgartúni 12-14

Sími: 411 - 1111

Frá: Félagsráðgjafafélag Íslands <felagsradgjof@felagsradgjof.is>

Sent: föstudagur, 7. september 2018 11:19

Afrit: Félagsráðgjafafélag Íslands <felagsradgjof@felagsradgjof.is>; María Rúnarsdóttir <maria@felagsradgjof.is>

Efni: Erindi frá Félagsráðgjafafélag Íslands: Breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tekur gildi þann 1. október 2018.

Ágæti viðtakandi!

Þann 1. október næstkomandi taka í gildi breytingar á lögum um félagsþjónustu nr. 40/1991. Lagabreytingarnar eru ansi viðamiklar en Félagsráðgjafafélag Íslands vekur athygli á breytingum á 18. grein laganna. Þar segir að sveitarfélög skuli hafa á að skipa félagsráðgjöfum til að starfa að verkefnum samkvæmt lögunum. Í greinargerð með lagafrumvarpinu kemur fram að leita skuli eftir félagsráðgjöfum til að annast félagslega ráðgjöf enda augljóst að ráðgjöf verði ekki fagleg nema fagfólk annist hana og því sé eðlilegast að leita eftir félagsráðgjöfum.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þessari lagabreytingu enda hefur félagið í mörg ár bent á að menntun félagsráðgjafa undirbýr þá sérstaklega til að sinna störfum á þessum vettvangi með félagsmálalöggjöf og meðferð barnaverndarmála sem skyldufög í námi sínu auk þess sem þeir fá bæði fræðilega þekkingu og klíniska þjálfun í vinnuaðferðum félagsráðgjafa, sækja námskeið um viðtalstækni, vinnu með börnum og unglingum, hópavinnu, samfélagsvinnu, fjölskylduvinnu og meðferð. Félagsráðgjafi er lögverndað starfsheiti og má enginn kalla sig félagsráðgjafa nema sá sem hefur lokið MA prófi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Taka skal fram að þeir sem hafa einungis lokið BA námi í félagsráðgjöf, eru ekki félagsráðgjafar og hafa ekki réttindi til að starfa sem slíkir.

Alltof oft er auglýst eftir starfsmanni til þess að sinna félagsráðgjöf og barnavernd en þess ekki krafist að það sé félagsráðgjafi sem sinni þessum störfum. Félagsráðgjafafélag Íslands brýnir sveitarfélög til að vanda til starfauglýsinga þegar auglýst er eftir starfsfólki til að sinna félagslegri ráðgjöf og öðrum verkefnum sem lög um félagsþjónustu sveitarfélaga taka til, nú þegar lögin kveða á um ríkari skyldur sveitarfélaga en áður til að ráða félagsráðgjafa til starfa til að sinna verkefnum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fyrir hönd stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir, formaður

Erindi þetta er sent á sveitarstjóra/oddvita og yfirmenn félagsþjónustu sveitarfélaga á landsvísu.

fel_enska

Félagsráðgjafafélag Íslands

Borgartúni 6 / 105 Reykjavík/ Ísland

Sími: +354 595 5151 / +354 699 5111

Fax: +354 595 5101

Netfang: felagsradgjof@felagsradgjof.is

Veffang: www.felagsradgjof.is

<https://www.facebook.com/Felagsradgjafafelag/>

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa efni þeirra né skrá þau hjá yður né notfæra yður þau á nokkurn hátt og tilkynna sendanda samstundis að þau hafi ranglega borist yður. Óheimil meðferð tölvupósts þessa og viðhengja hans getur varðað skaðabóta- og refsíabyrgð samkvæmt lögum um fjarskipti.



- image001.jpg



- bréf til sveitarfélaga.pdf